


Fréttabréf AFLs

2. tbl. 2020

Dreift um allt Austurland
Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Starfsemi AFLs skerðist ekki í veirufaraldri

Stefnt er að því að starfsemi AFLs Starfsgreinafélags haldist óskert þrátt fyrir faraldur Covid-19 um Ísland. Sjóðir félagsins verða af talsverðum tekjum vegna kólnunar í efnahagslífinu sem fylgir faraldrinum en félagið stendur sterkt. Mikið er um afbókanir á orlofsíbúðum.

„Eins og staðan er í dag þá munum við ekki breyta starfseminni á nokkurn hátt og halda úti fullri þjónustu,“ segir Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs.

Félagið hefur þó þegar tekið gripið til nokkurra viðbragða vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar Covid-19. Gætt er að heilbrigði starfsmanna á skrifstofum og komur þangað hafa verið takmarkaðar en engri skrifstofu verið lokað. Félagsmenn sem þurfa að koma á skrifstofurnar eru beðnir um að gæta að hreinlæti og fylgja fyrirmælum sóttvarnalæknis. Bent er á netfangið asa@asa.is og símanúmerið 4700300.

Búið er að undirbúa viðbrögð lendi starfsmenn í sóttkví, en Sverrir segir að hægt sé að halda sjö starfsstöðvum

opnum frá heimilum starfsmanna. Enn hefur ekki verið ákveðið hvort fundir á vegum félagsins verði felldir niður en það var til skoðunar þegar blaðið fór í prentun.

Undirbúa viðbrögð við fjöldauppsögnum í ferðapjónustu

En þótt faraldurinn hafi ekki beint áhrif á skrifstofur félagsins, í það minnsta ekki enn, hefur hann áhrif á afkomu þess og félagsmanna. Félagið hefur þegar undirbúið sig vegna mögulegra fjöldauppsagna í ferðapjónustu. „Fjöldi fyrirtækja á Austurlandi hefur verið í sambandi við félagið og leitað ráða og upplýsinga og félagsmenn eru farnir að hafa samband og biðja um aðstoð þar sem m.a. tímabundnum ráðningarsamningum er rift fyrirvalaust með vísan til verulegra afbókana á þjónustu og fyrirsjáanlegs verkefnaskorts. Við munum sinna fullri þjónustu við þá sem verða fyrir uppsögnum.“

Það blasir við að það högg sem sérstaklega ferðapjónustan er að

verða fyrir mun hafa mikil áhrif á kjör félagsmanna okkar og þau fyrirtæki sem þeir vinna hjá. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjum sem hafa verið í sambandi er talsvert um afbókanir á gistingu og annari þjónustu og því mikil óvissa varðandi rekstur sumarsins. Því hafa fyrirtæki verið að draga lappirnar í að ráða í sumarafleysingar.“

Aldrei fleiri íbúðir lausar

Bein áhrif samkomubanns og minni ferðalaga birtast í afbókunum á orlofsíbúðum AFLs á Akureyri og Reykjavík. „Þau 15 ár sem ég hef unnið fyrir félagið hefur aldrei verið jafn mikið af lausum plássum í orlofsíbúðum þess. Þegar liggja fyrir endurgreiðslubeiðnir upp á hundruð þúsunda. Ef við færum stíft eftir afbókunarreglum yrði þeim flestum synjað.“

Ég hef verið í sambandi við stjórn félagsins og á von á að í vikunni verði rýmri endurgreiðsluheimildir ræddar. Eins og er þarf að afbóka með tíu daga fyrirvara til að fá endurgreitt, en oft er hægt að fá endurgreitt þó fyrirvarinn sé skemmri því hægt

er að leigja íbúðirnar út aftur. Nú leigjast þær ekki út. Við munum skoða að stytta þennan fyrirvara.

Það er hins vegar kostnaður við hverja bókun á íbúð. Við sjáum því fram á töluvert tekjutap orlofsjóðs.“

Allir sjóðir finna fyrir högginu

Fleiri rekstrarþættir AFLs verða fyrir höggi vegna faraldursins. „Allir sjóðir félagsins munu finna fyrir þessu. Við reiknum með lægri iðgjöldum á meðan ferðapjónustan gengur í gegnum erfiðleika. Sjúkrasjóðurinn verður einnig fyrir tekjutapi. Bæði hann og félagið standa hins vegar sterkt. Áhættumat okkar gerir í augnablikinu ráð fyrir að tjónið verði ekki meira en svo að félagið geti vel lifað með því, þökk sé sterkri stöðu þess. Við lifum hins vegar á óvissutímum eins og aðrir og þurfum því að endurskoða okkar mat daglega.“

Breytingar á kjörum iðnaðarmanna 1. apríl 2020

Samkvæmt kjarasamningi iðnaðarmannadeildar AFLs, sem gerður var við Samtök atvinnulífsins í fyrravor, verður tekinn upp virkur vinnutími 1. apríl næstkomandi. Starfsmaður í fullu starfi fær greiddar 37 vinnustundir á viku fyrir fullt starf. Deilitala dagvinnutímakaups verður 160 í stað 173,33 tíma.

Jafnframt er í samningnum heimild til að semja um 36 stunda vinnuviku. Hér fyrir neðan er texti úr dreifibréfi frá iðnfélögunum í Húsi fagfélaganna, sem fer til um fjögur þúsund launagreiðenda á næstu dögum, vegna þeirra breytinga sem framundan eru.

Við upptöku virks vinnutíma eru 37 klst. greiddar að jafnaði á viku m.v. fullt starf í stað 40 klst. og deilitala dagvinnutímakaups verður 160 í stað 173,33.

Tímakaup í dagvinnu hækkar því um 8,33% eða sem nemur greiðslu fyrir kaffitíma sem færst yfir í tímakaup fyrir virkan vinnutíma. **Kaffitímar verða áfram teknir með sama fyrirkomulagi og áður, 35 mínútur á hverjum virkum degi.**

Ef færri tímar eru greiddir á viku / mánuði m.v. fullt starf skal reikna hækkun þannig að dagvinnulaun fyrir 37 klst. á viku / 160 klst. á mánuði verði þau sömu og áður var greitt fyrir fleiri tíma. Þar sem starfsmaður nýtur aukagreiðslna miðað við 40 klst. á viku (t.d. verkfæra- eða fatagjalds) taka þær hækkun um 8,33% til samræmis.

Engar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi kaffihléa í yfirvinnu, þau verða áfram greiddur tími og sé unnið í þeim greiðist tilsvarendi lengri tími sem unninn er.

Dæmi til 31.3.2020

| Mánaðarlaun | Deilitala | Tímakaup |
|-------------|-----------|-----------|
| 500.000 | 173,33 | 2.885 kr. |

Dæmi frá 1.4.2020 með 18.000 króna hækkun sem kemur á öll laun frá þeim degi.

| Mánaðarlaun | Deilitala | Tímakaup |
|--------------|-----------|-----------|
| 518.000 kr.* | 160 | 3.238 kr. |

Dagvinnulaun hækka um a.m.k. kr. 18.000 á mánuði - eða 112,50 pr. tíma frá 1. apríl 2020.



Mynd úr safni AFLs

Breyting á yfirvinnuálagi

Yfirvinna 1

Yfirvinna 1 er greidd fyrir fyrstu fyrstu 4 klst. á viku að jafnaði eða 17,33 klst. á mánuði. Álag á yfirvinnu 1 verður 1,02% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Yfirvinna 2 er greidd umfram það.

Yfirvinna 2

Yfirvinna 2 greiðist fyrir alla tíma umfram 17,33 yfirvinnutíma á mánuði og á nóttunni á milli kl. 00:00-06:00. Álag á yfirvinnu 2 verður 1,10% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

| Mánaðarlaun | Álag | Tímakaup |
|-------------|-------|-----------|
| 518.000 kr. | 1,02% | 5.284 kr. |
| 518.000 kr. | 1,10% | 5.698 kr. |

Stytting vinnuvikunnar

Starfsmenn eiga rétt á að fram fari viðræður um vinnutímastyttingu í 36 virkar vinnustundir á viku að jafnaði samhliða niðurfellingu kaffitíma skv. gr. 3.1.2 í kjarasamningi. Stjórnendur fyrirtækja geta einnig óskað eftir viðræðum.

Ef samkomulag verður milli aðila vegna bættrar nýtingar vinnutíma og aukinnar framleiðni skiptist ávinningur milli starfsmanna og atvinnurekanda. Hlutdeild starfsmanna felst í viðbótarstyttingu virks vinnutíma um 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku.

Viðbótarstytting virks vinnutíma

Náist samkomulag um styttingu vinnuvikunnar verður virkur vinnutími 36 klst. á viku, án skerðingar mánaðarlauna (deilitala dagvinnutímakaups 156 í stað 160 með 2,56% hækkun dagvinnutímakaups).

Yfirvinna 1 greiðist áfram af fyrstu 4 klst. á viku að jafnaði umfram 36 klst. í dagvinnu eða 17,33 klst. á mánuði.

AFL Starfsgreinafélag er tilbúið að veita aðstoð við útfærslu og vera félagsmönnum sínum innan handar við styttingu vinnuvikunnar.

Launahækkunarir 1. apríl 2020

Þann 1 apríl n.k. hækka laun samkvæmt kjarasamningum félagsins sem hér segir:

| AFL starfsgreinaeild við Samtök atvinnulífsins og Bændasamtökin | |
|---|---|
| Taxtahækkun | 24.000 krónur |
| Almenn hækkun | 18.000 krónur |
| Kjaratengdir liðir | 2,5% |
| AFL verslunar- og skrifstofudeild við Samtök atvinnulífsins | |
| Taxtahækkun | 24.000 krónur |
| Almenn hækkun | 18.000 krónur |
| Kjaratengdir liðir | 2,5% |
| AFL iðnaðarmannadeild við Samtök atvinnulífsins | |
| Almenn hækkun | 18.000 krónur auk hliðrunar í launatöflum |
| Kjaratengdir liðir | 2,5% |

| AFL starfsgreinaeild við Samband sveitarfélaga | |
|--|--|
| Taxtahækkun | 24.000 krónur |
| AFL starfsgreinaeild við Ríkið vegna stofnana þess - með fyrirvara um samþykkt samningsins | |
| Taxtahækkun | 24.000 krónur á launaflokka 1-17 |
| Taxtahækkun | 18.000 krónur á launaflokka þar fyrir ofan |
| AFL við Hrollaug, landssamband smábátæigenda og samband smærri útgerða | |
| Taxtahækkun | 24.000 krónur |
| Kauptrygging og aðrir launaliðir | 7,52% |
| Lágmarkstekjutrygging fer í 335.000 krónur á mánuði | |

Nýr kjarasamningur við Ríkið fyrir hönd stofnana þess

Starfsgreinasambandið (SGS) hefur, fyrir hönd AFLs og 17 annarra aðildarféлага, gengið frá kjarasamningi við samninganefnd ríkisins með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu. Samningurinn gildir frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023.

Helstu atriði samningsins eru sem hér segir:

- Laun hækka í samræmi við lífskjarasamninginn og hækka frá 1. apríl 2019.
- Lágmarksorlof hjá öllum starfsmönnum verður 30 dagar.
- Markviss skref til styttingar vinnuvikunnar. Frá 1. janúar 2021 styttist vinnuvikan um samtals 65 mínútur fyrir fólk í fullu starfi.

• Vinnuvika vaktavinnufólks verður 36 stundir m.v. fullt starf og nýtt launamyndunarkerfi tekið upp. Breytingar verða á fyrirkomulagi vaktavinnu sem bjóða upp á manneskjulegra umhverfi með styttri vinnuviku, þar sem stefnt er að bættri heilsu, auknu öryggi og betri samþættingu einkalífs og vinnu.

• Tekin er upp ný launatafla sem byggir á álagsþrepum en ekki aldursþrepum. Í tengslum við það eru stofnanasamningar endurskoðaðir og er allt að 142 milljónum króna ráðstafað vegna þessa.

• Framlag í orlofssjóð hækkar.

• Fellt er út ákvæði um að heimilt sé að láta fólk gista í tjöldum.

• Full orlofsuppbót hækkar úr 50.000 kr. árið 2019 í 53.000 kr. árið 2022.

• Full persónuuppbót (desemberuppbót) hækkar úr 92.000 kr. árið 2019 í 98.000 kr. árið 2022.

• Tekið er upp nýtt ákvæði um að félagsmenn sem starfað hafa samfellt í 3 ár geti fengið launað leyfi í samtals í þrjú mánuði til að stunda viðurkennt starfsnám.

Samningurinn verður kynntur félagsmönnum á næstunni en gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðslu um hann ljúki 26. mars.

Sumarhús AFLs 2020

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um sumarhús AFLs Starfsgreinafélags næsta sumar. Alls mun AFL bjóða upp á sumarhús á 10 stöðum á landinu auk íbúðanna í Reykjavík og á Akureyri. Framboðið verður að þessu sinni um 700 vikur sem standa félagsfólki til boða.

Leigutímabil hefjast 5. júní og almennt lýkur úthlutunartímabilum 28. ágúst en í nokkrum tilfellum fyrr: 14. ágúst í einu húsi en 21. ágúst í tveimur húsum. Þetta eru hús sem félagið leigir af einkaáðilum fyrir félagi.

Umsóknarfrestur um sumarhúsin er til 6. apríl. Þann 7. apríl verður dregið úr umsóknum á opnum fundi félagsins að Búðareyri 1. Staðfestingargjald verður kr. 5.000 og er það óendurkræft. Það þýðir að falli viðkomandi síðan frá leigu – verður staðfestingargjaldið ekki endurgreitt. Eindagi staðfestingargjalds er 16. apríl. Eindagi lokagreiðslu er síðan 7. maí.

Ef fólk þarf að falla frá leigu eftir að hún er fullgreidd – þá fæst endurgreiðsla, að frádregnu

staðfestingargjaldi, ef afbókað er með 10 daga fyrirvara eða meira. Ef afbókað er þegar minna en 10 dagar eru þar til leiga hefst – er því aðeins endurgreitt að bústaðurinn leigist aftur.

Ef fólk finnst aðkoma að bústað óviðunandi er nauðsynlegt að hafa samstundis samband við umsjónarmann – og ekki er endurgreidd leiga vegna aðstæðna í bústaðnum nema haft hafi verið samband við umsjónarmann og honum gefið tækifæri til að bæta úr því sem kann að vera athugasemdir.

Húsum er úthlutað jafnóðum og dregið er og fá þeir félagsmenn sem úthlutun fá – smáskilabod samstundis. Þegar úthlutunarfundi er lokið verður sendur tölvupóstur á þá sem fá úthlutað með nánari útskýringum á skilmálum. Þeir sem ekki fá úthlutað – fá einnig tölvupóst með skýringum.

Þeir sem ekki fá úthlutað – eru líka dregnir út og fá númer á biðlista skv. þeim útdrætti.



Skilum strax úthlutun sem við þurfum ekki

Algennt er að bæði hjónin og jafnvel unglíngarnir, sem eru komnir með réttindi í félaginu, sækja um sumarhús ef fjölskyldan vill auka líkur sínar á að fá inni í sumarhúsi félagsins. Því kemur oft fyrir að fleiri en einn aðili í sömu fjölskyldu fái úthlutað sumarhúsi.

Við beinum því til félagsmanna að láta strax vita ef viðkomandi ætlar ekki að þiggja úthlutaðan bústað þannig að unnt sé að úthluta bústaðnum til þess sem efstur er á biðlista. Allir vilja skipuleggja fríið sitt með sem bestum fyrirvara.

Þá er ástæða til að vekja athygli á því að algerlega er óheimilt að leigja bústað á nafn sitt og láta öðrum aðila – innan félags eða utan

– bústaðinn í té. Aðeins þeim sem fékk bústað úthlutað og fjölskyldu hans er heimil dvöl í sumarhúsum félagsins.

Fyrir nokkrum árum kom upp tilvik þar sem fjölskylda sem ekki var í félaginu dvaldi í sumarhúsi AFLs – sem niðurgreitt er af félagsgjöldum félagsmanna. Sá hafði fengið húsið „lánað“ hjá kunningja sem var í AFLi og hafði fengið úthlutað. Viðbrögð félagsins voru hörð – félagsmaðurinn hefur ekki haft aðgang að orlofskostum félagsins síðan og innheimt var hjá þeim er dvaldi í bústaðnum markaðsverð á þeim stað með álagi og innheimtukostnaði.

Aðal- og varaumsókn -Umsóknarferlið og hvernig er dregið

Félagsmönnum gefst tækifæri til að senda bæði inn aðal- og varaumsókn. Það er samt engin kvöð að skila báðum umsóknum og geta félagsmenn breytt umsóknum sínum alveg fram að miðnætti 6. apríl. Þá læsist kerfið, líka fyrir starfsmenn og ekki verður unnt að eiga við upplýsingar í því fyrir en úthlutunarfundur hefst.

Fyrir úthlutunarfund verður búið að merkja hverjir hafi fengið hús sl. þrjú ár og hverjir ekki. Þeir sem ekki hafa fengið úthlutað húsi – eru í forgangi í þessari úthlutun. Síðan er útbúinn listi fyrir hverja eign og hvert tímabil sem sótt er

um. Dregið er um allar umsóknir á þeim lista og ræður röðin því hverjir fá úthlutað og síðan hvaða númer fólk fær á biðlista.

Þegar lokið er við að draga allar eignir fyrir þá sem eru í forgangi – er farinn annar hringur og dregið milli þeirra sem ekki eru í forgangi – bæði til að úthluta því sem enn er laust og fá númer handa þeim á biðlistann.

Loks eru farnir tveir hringir í viðbót vegna varaumsókna – en að öðru leyti með sömu aðferð.

Frá forseta ASÍ

Réttindi fólks besta vörnin gegn veirunni

Ég ætla ekki að fjölyrða um erfiðleikana sem við stöndum frammi fyrir, við erum öll upplýst um þá en við skulum passa okkur á þeirri klisju að við séum öll í sama báti. Við erum það ekki. Aðstæður fólks eru mjög misjafnar. Sumir hafa borð fyrir báru í orlofsdögum, veikindarétti og jafnvel sparifé á meðan lítið má út af bregða hjá öðrum. Við erum sem sagt ekki öll í sama báti og höfum aldrei verið. Við þurfum hins vegar að sammælast um aðgerðir sem tryggja hag almennings en ekki sérhagsmuni, vernda þá sem verst standa og á sama tíma ná markmiðum um að hefta útbreiðslu veirunnar.

Alþýðusambandið er í samskiptum við stjórnvöld og atvinnurekendur um nauðsynleg fyrstu viðbrögð til að tryggja afkomu fólks, en sú trygging mun ráða úrslitum um hvort hægt sé að hægja á útbreiðslu COVID-19. Þau lönd sem beita samfélagslegum lausnum og hafa almannakerfi til að styðjast við standa miklu betur að vígi en þau lönd þar sem hver verður að bjarga sjálfum sér. Það er ekki tilviljun að fyrsta verk ríkisstjórna Norðurlandanna var að tryggja greiðslur til fólks í veikindum eða sóttkví, það er besta vörnin. Næsta vers er að bregðast fljótt og örugglega við öðrum þáttum og við munum næstu daga móta þær aðgerðir sem

við teljum brýnastar til lengri og skemmri tíma.

Ein stærsta hættan í óvissuástandi, hamförum eða efnahagsþrengingum, er að hlaupið sé til og teknar afdrifaríkar ákvarðanir sem veikja kerfi sem eiga að tryggja almannahag. Við búum að því í dag að ekki var gripid til stórfelldrar einkavæðingar eða verðmætar þjófðareignir seldar í hruninu fyrir tólf árum. Það réði úrslitum um að kreppan varð ekki dýpri.

Kröfu verkalyðshreyfingarinnar snúast um að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hag vinnandi fólks, bæði sem er í sóttkví og þess sem starfar



hjá fyrirtækjum sem þurfa að draga saman seglin.

Verndum kerfin okkar, hóstum í klúta, þvolum og sprittum!

Drifa Snædal

Samningar standa og þá ber að virða


Áhrif kórónaveirunnar skiptast í tvo meginflokka – annars vegar áhrif á heilsufar fólks og hins vegar á efnahag og afkomu. Efnahagsleg áhrif á vinnumarkaðinn virðast ætla að verða talsverð og umdeildar ákvarðanir erlendis, til dæmis er varða ferðabann, geta aukið verulega á neikvæð áhrif þessa faraldurs.

Fjöldi fyrirtækja á Austurlandi hefur verið í sambandi við félagið og leitað ráða og upplýsinga og félagsmenn eru farnir að hafa samband og biðja um aðstoð þar sem meðal annars tímabundnum ráðningarsamningum er rift fyrirvaralaust með vísan til verulegra afbókana á þjónustu og fyrirsjáanlegs verkefnaskorts.

Afstaða AFLs er skýr hvað gildi ráðningarsamninga varðar og félagið mun aðstoða félagsmenn við að fá greidd laun samkvæmt gildandi ráðningarsamningum. Þrátt fyrir þá óáran sem nú stöðjar að verða launagreiðendur að virða bæði kjara- og ráðningarsamninga.

Í mörgum ráðningarsamningum er ákvæði um að vinnuveitandi sjái starfsmanni fyrir húsnæði. Þegar starfssamningnum er sagt upp gildir hið sama um húsnæðið. AFL hefur einkum áhyggjur af erlendum starfsmönnum í slíkum aðstæðum, að vegna ferðabanns geti þeir jafnvel ekki komist til síns heimalands.

AFL hefur því haft samband við ASÍ, Vinnumálastofnum og velferðarráðuneytið til að vekja athygli á aðstæðunum. Félagið vonast



Mynd úr safni AFLs. Hún tengist efni greindarinnar ekki með beinum hetti.

eftir að stjórnvöld og atvinnulífið beini tilmælum til hótela um að starfsfólk fái að gista þar meðan óvissan ríkir.

Þegar blaðið fór í prent hafði verið haft samband við stærstu hótelin á Egilsstöðum. Þau

gáfu mjög jákvæð svör um að engum verði vísað út. Jafnvel verði þeir boðnir velkomnir sem ekki eigi í önnur hús að vanda, hvort sem þeir hafi unnið hjá fyrirtækinu eða ekki.

Yfirlýsing ASÍ

Skortur á samráði

Ríkisstjórnin kynnti viðbrögð sín við afleiðingum COVID 19 faraldursins á fyrirtæki og fjármálakerfi í síðustu viku en lét við það tilefni hjá líða að minnast á þær alvarlegu afleiðingar sem staðan hefur á atvinnu- og afkomuöryggi þúsunda launafólks. Í þeim aðgerðum sem kynntar voru undir yfyrskriftinni – Lífæðin varin – er ekki að finna stafkrók um viðbrögð til að mæta þeim stóra hópi fólks sem misst hefur atvinnuna á síðustu mánuðum og ástæða er til að óttast að fari stækkandi á næstunni. Engar aðgerðir voru kynntar til að efla hin félagslegu stuðningskerfi og treysta öryggi

launafólks, t.d. með myndarlegri innspýtingu til Vinnumálastofnunar til að efla þjónustu og úrræði til stuðnings atvinnuleitendum.

Þessi viðbrögð sýna okkur fram á mikilvægi þess að samráð sé haft við fulltrúa launafólks til að tryggja jafnvægi hinna efnahagslegu og félagslegu vidda. ASÍ krefst þess að raddir vinnandi fólks og almennings séu ávallt við borðið þegar teknar eru afdrifaríkar ákvarðanir sem varða okkur öll og treystir á að stjórnvöld byggi frekari aðgerðir á slíku samtali.